

Ársskýrsla 2025



Minjastofnun
Íslands

Ljósmynd á forsíðu: Svipmynd frá Langanesi

Ljósmyndari: Lísabet Guðmundsdóttir

Öll réttindi áskilin

ISSN 2547-6475

Minjastofnun Íslands

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Ísland

(+354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Ritstjórn:

Agnes Stefánsdóttir

Alma Sigurðardóttir

Ritnefnd:

Margrét Valmundsdóttir

Sólrún Inga Traustadóttir

Ábyrgðarmaður:

Rúnar Leifsson

Efnisyfirlit

Kveðja forstöðumanns	4
Um stofnunina	6
Mannauðsmál	6
Græn skref.....	6
Minjaverndarviðurkenning.....	7
Verkefni ársins	8
Evrópska húsverndarárið.....	8
Brú milli kynslóða - vinnustofa.....	9
Málþingið „Fortíð fyrir framtíðina“	10
Laugarnesspítali hreinsaður	11
Umfjöllun um byggingararf í Víðsjá á Rás 1	11
Stöng í Þjórsárdal – HönnunarMars	12
Gamla kirkjan á Djúpavogi	13
Stóri-Dunhagi II í Hörgársveit.....	14
Samstarfsverkefni Minjastofnunar Íslands og Snæfellsjökulspjóðgarðs	15
Verndun og friðlýsingar	16
Friðlýsing Hólavallagarðs	16
Verndarsvæði í byggð.....	17
Plássið í miðbæ Vopnafjarðarkauptúns.....	17

Ráðgefandi nefndir og minjaráð 18

Samstarfsverkefni 19

Innlent samstarf.....19

Alþjóðlegt samstarf

Menningarminjadagar Evrópu

Baltic Region Heritage Committee

Leyfisveitingar.....22

Fornleifarannsóknir

Inn- og útflutningur menningarminja

Skráning menningarminja.....23

Hús og mannvirki..... 23

Fornleifar

Málafjöldi og viðfangsefni.....24

Styrkúthlutanir.....33

Fornminjasjóður 2025

Húsafríðunarsjóður 2025..... 34

Fjármál35

Húsafríðunarsjóður, rekstrarreikningur..... 35

Fornminjasjóður, rekstrarreikningur

Minjastofnun Íslands, rekstrarreikningur

Kveðja forstöðumanns

Evrópuráðið tileinkaði árið 1975 byggingararfi í Evrópu (European Architectural Heritage Year). Markmiðið með Evrópska húsverndarárinu var að vekja áhuga og meðvitund almennings um menningarminjar og byggingararf undir slagorðinu *Framtíð fyrir fortíðina*. Efnt var til viðburða víða um álfuna af því tilefni. Árið náði hámarki með ráðstefnu í Amsterdam þar sem aðildarríki Evrópuráðsins samþykktu Amsterdamyfirlýsinguna, samkomulag um að vinna saman að verndun evrópsks byggingararfs.

Húsverndarárið 1975 var hvatning fyrir þá frumkvöðla sem unnu að húsverndarmálum hérlandis og markaði þáttaskil í baráttu fyrir verndun byggingararfs á Íslandi. Eitt það mikilvægasta sem gerðist hér á landi var að húsafriðunarsjóður var stofnaður og húsafriðunarnefnd falið að veita úr honum styrki til viðgerða og endurbyggingar gamalla húsa. Sjóðurinn hefur haft gríðarmikil áhrif á verndun og viðhald byggingararfs hér á landi allar götur síðan. Það er nú Minjastofnun Íslands sem úthlutar styrkjum úr sjóðnum til framkvæmdaverkefna, til viðhalds á einstökum húsum, sem og til rannsókna, útgáfu og miðlunar um arkitektúr og byggingarlistasögu.

Í tilefni 50 ára afmælis húsafriðunarsjóðs árið 2025 og til að minnast Evrópska húsverndarársins stóð Minjastofnun, með dyggum stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, fyrir ýmsum viðburðum og verkefnum landið um kring. Minjastofnun sá einnig um að samhæfa viðburði annarra aðila undir formerkjum Menningarminjadaga Evrópu til að ná sem mestum slagkrafti í þágu íslensks byggingararfs.

Haldnir voru hátt í 30 viðburðir, málþing, sögugöngur, fyrirlestrar, vinnustofur og sýningar, sem á þriðja þúsund gesta sóttu. Málefni arkitektúrs og húsverndar voru einnig áberandi í fjölmiðlum og þá sérstaklega í útvarpsþáttagerð.

Einn þessara viðburða var vinnustofan *Brú á milli kynslóða*, sem haldin var í Árbæjarsafni í samstarfi Minjastofnunar og Íslandsdeildar ICOMOS, ásamt Borgarsögusafni og Listaháskóla Íslands. Þar voru leiddir saman BA-nemar í arkitektúr við Listaháskólann við nokkra af okkar reyndustu arkitektum sem hafa verið í fararbroddi í húsverndarmálum hérlandis undanfarna áratugi. Meðal þeirra arkitekta voru nokkrir þeirra sem tóku við minjaverndarviðurkenningu Minjastofnunar árið 2025. Markmiðið var að tengja saman kynslóðir, deila þekkingu og vonandi að vekja áhuga næstu kynslóðar arkitekta á málefnum byggingararfs og húsverndar. Mikilvægasta málið í minjavernd er að til staðar sé ný kynslóð sem tekið getur við keflinu og hefur þekkingu á bæði fræðum og handverki.

Annar mikilvægur hluti í miðlun er gerð og útgáfa leiðbeiningarita, sem Minjastofnun setti aukinn kraft í á árinu og sem mun halda áfram á komandi misserum. Um er að ræða áttak í miðlun um byggingararfinn sem varðar viðhald, viðgerðir, tæknilegar áskoranir og endurbætur á gömlum húsum. Þessar leiðbeiningar eru hugsaðar bæði fyrir almenning og fagfólk og fjalla um allt frá umhirðu, viðgerðum og viðhaldi á gömlum gólfborðum upp í stærri byggingarhluta og eru aðgengilegar á heimasíðu Minjastofnunar.

Hápunktur ársins var málþing Minjastofnunar Íslands og Íslandsdeildar ICOMOS sem haldið var í Iðnó þann 27. nóvember 2025 undir yfirskriftinni *Fortíð fyrir framtíðina* þar sem leitast var við að líta til baka, skoða áfanga og áskoranir í húsvernd þá og nú, ásamt því að líta til næstu 50 ára í húsverndarmálum.



Rúnar Leifsson

Dr. Rúnar Leifsson

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands



Mynd 1. Frá málþingi MÍ og Íslandsdeildar ICOMOS. Ljósmynd: Þuríður Elísa Harðardóttir.



Mynd 2. Frá málþingi MÍ og Íslandsdeildar ICOMOS. Ljósmynd: Þuríður Elísa Harðardóttir.

Um stofnunina

Mannauðsmál

Á árinu hóf Alma Sigurðardóttir störf hjá Minjastofnun Íslands. Hún hefur sinnt uppfærslu leiðbeininga fyrir eigendur friðaðra húsa ásamt öðrum miðlunartengdum störfum. Alma er með BA gráðu í arkitektúr frá Glasgow School of Art og MSc gráðu í varðveislu bygginga frá University of Strathclyde í Skotlandi og MA gráðu í listkennslu frá LHÍ

Græn skref

Minjastofnun Íslands hefur frá árinu 2024 skilað inn niðurstöðum í það sem kallað er Grænt bókhald. Í Græna bókhaldið er m.a. safnað saman upplýsingum um þá þætti sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum, svo sem mæld notkun pappírs, útblásturs og magn úrgangs.

Á árinu 2025 hélt vinna áfram við innleiðingu Grænna skrefa og í lok maí lauk vinnu við innleiðingu skrefs tvö hjá stofnuninni. Við innleiðingu Grænna skrefa hafa ýmsar aðgerðir verið innleiddar sem stuðlað hafa að því að gera stofnunina að umhverfisvænni vinnustað. Í vinnunni hafa ýmsar litlar aðgerðir verið innleiddar, svo sem endurvinnsla á fleiri flokkum en einnig stærri aðgerðir, svo sem þær er snúa að samgöngum og ferðalögum starfsfólks sem og nýtingu orkugjafa á stofnuninni. Innan stofnunarinnar er starfandi Grænt teymi sem hefur umsjón með innleiðingu aðgerða en í teyminu starfa sem fyrr Margrét Valmundsdóttir, Sigríður Ósk Birgisdóttir og Inga Sóley Kristjönudóttir.



Mynd 3. Lónrangan við Malarrif. Ljósmynd: Magnús Aðalsteinn Sigurðsson.

Minjaverndarviðurkenning

Átta arkitektar hlutu Minjaverndarviðurkenningu Minjastofnunar á málþinginu *Framtíð fyrir fortíðina*, sem haldið var í Iðnó þann 27. nóvember 2025.

Í tilefni af 50 ára afmæli Evrópska húsverndarársins veitti Minjastofnun Íslands arkitektum, sem eiga það sameiginlegt að hafa helgað húsvernd stærstan hluta starfsferils síns, Minjaverndarviðurkenningu Minjastofnunar 2025. Þau sem hlutu viðurkenninguna hafa öll, á einn eða annan hátt, komið að grasrótastarfi í þágu minjaverndar og barist af hugsjón og eldmóði fyrir því að breyta viðhorfum nærsamfélags síns og þjóðarinnar allrar til eigin byggingararfs. Jafnframt hafa þau öll sinnt rannsóknum og ritstörfum á sviði íslenskrar byggingarsögu.



Mynd 4. Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslags-ráðherra og Dr. Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands með verðlaunahöfum og staðgenglum þeirra. Ljósmyndari: Þuríður Elísa Harðardóttir

Viðurkenningarhafar:

- **Magnús Skúlason, arkitekt**
- **Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt**
- **Páll V. Bjarnason, arkitekt**
- **Hjörleifur Stefánsson, arkitekt**
- **Stefán Örn Stefánsson, arkitekt**
- **Grétar Markússon, arkitekt**
- **Póra Bergný Guðmundsdóttir, arkitekt**
- **Guðmundur Lúther Hafsteinsson, arkitekt**

Í ávarpi Péturs H. Ármannssonar var sérstaklega minnst tveggja brautryðjenda íslenskrar húsverndar, Guðrúnar Ó. Jónsdóttur arkitekts og Harðar Ágústssonar myndlistar- og fræðimanns.

Guðrún var öflugur talsmaður húsverndar og í fararbroddi baráttunnar fyrir varðveislu Bernhöftstorfunnar. Auk þess beitti hún sér fyrir breyttum áherslum í skipulagi eldri hverfa þar sem horfið var frá þeirri stefnu að rífa niður gamlar byggingar og hefja þess í stað endurbyggingu þeirra og varðveislu.


Hörður var brautryðjandi í byggingarsögulegum rannsóknum og ritaði fjölda greina og bóka um ýmsa þætti íslensks byggingar- og myndlistararfs á innlendum og erlendum vettvangi. Hann átti jafnframt þátt í stofnun Húsafriðunarnefndar og sat í henni í 15 ár.

Verkefni ársins

Evrópska húsverndarárið

Árið 2025 voru liðin 50 ár frá Evrópska húsverndarárinu og um leið stofnun Húsafríðunarsjóðs. Miklir kraftar fóru í það af hálfu húsverndarsviðs og Minjastofnunar í heild sinni, að fagna þessum áfanga, miðla upplýsingum og fræðslu um áhrif Húsverndarársins og sjóðsins á húsvernd á Íslandi á þessum tíma.

Sérstök upplýsingasíða um Evrópska húsverndarárið og Menningarminjadaga Evrópu, var búin til á heimasíðu Minjastofnunar og má finna [hér](#). Afmælisárið var kynnt öllum minjaráðum á landinu á stórum fundi í febrúar, í viðleitni til að hvetja fulltrúa minjaráða til að skipuleggja viðburði eða verkefni í sinni heimasveit af þessu tilefni.



Mynd 5: Minnismarki frá Evrópska húsverndarárinu 1975.

Aukinn kraftur var settur í gerð leiðbeininga um viðhald og viðgerðir á gömlum húsum og almennar leiðbeiningar á heimasíðu Minjastofnunar voru uppfærðar. Má þar nú meðal annars finna upplýsingar um ábyrgð eigenda friðaðra húsa, leyfisveitingar, varðveislu, viðhald og viðgerðir á gluggum og bárujárnri.

Í því samhengi hlaut stofnunin fjármagn til þess að ráða starfsmann til þess að vinna að frekari leiðbeiningagerð.



Mynd 6. Skjástot af heimasíðu Minjastofnunar Íslands sem sýnir atriði sem huga þarf að við varðveislu, viðgerðir og endurbætur á gluggum.

Áfram er unnið að samræmingu upplýsinga um friðlýst hús á heimasíðunni, endurskoðun og uppfærslu leiðbeininga sem áður hafa verið gefnar út, ásamt undirbúningi fyrir útgáfu fleiri sértækra leiðbeiningarrita um viðgerðir og viðhald eldri húsa.

Brú á milli kynslóða - vinnustofa

Minjastofnun, í samstarfi við Íslandsdeild ICOMOS, LHI og Borgarsögusafn Reykjavíkur, skipulögðu vinnustofu undir heitinu „*Brú á milli kynslóða*“, þar sem B.Arch nemar í Listaháskóla Íslands fengu kynningu á húsverndarstarfi á Íslandi og kynntust arkitektum af eldri kynslóðum sem hafa sérhæft sig í að vinna með viðhald, endurgerð og breytingar á gömlum húsum.

Þátttakendur voru:

- Arkitektarnir Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon frá ARGOS sem kynntu verkefni sitt að Búðarstíg 10B á Eyrarbakka fyrir nemendum.
- Hjörleifur Stefánsson arkitekt sem fjallaði um aðkomu sína að Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg.
- Guðrún Harðardóttir arkitekt sem fjallaði um framtíðarhugmyndir að breytingum á Bankastræti 3 þar sem verslunin Stella er til húsa.
- Kristín Róbertsdóttir og Jon Nordsteien arkitekt sem fjölluðu um varðveislu og viðgerðir á Verkamannabústöðunum við Hringbraut.
- Magnús Skúlason arkitekt sem fjallaði um varðveislutengd verkefni sem hann hefur komið að á sínum ferli.

Vinnustofan fór fram í Árbæjarsafni þann 10. nóvember 2025. Eins og heitið gefur til kynna, var tilgangur vinnustofunnar sá að veita ungum og uppnennandi arkitektum innsýn í fjölbreytt starf, umhverfi og nálgun arkitekta í tengslum við húsvernd.



Mynd 7. Frá vinnustofunni „Brú á milli kynslóða“.

Málþingið „Framtíð fyrir fortíðina“

Hápunktur ársins var málþing Minjastofnunar Íslands og Íslandsdeildar ICOMOS sem haldið var í Iðnó þann 27. nóvember 2025 undir yfirskriftinni „Framtíð fyrir fortíðina“ þar sem leitast var við að líta til baka, skoða áfanga og áskoranir í húsvernd þá og nú, ásamt því að líta til framtíðar í húsverndarmálum. Alls voru átta erindi tileinkuð þema fundarins. Þar var m.a. fjallað um húsvernd á Íslandi sl. 50 ár, staðarímynd og staðargæði í umbreytingum, varðveislu á yngri byggingararfi ásamt öðrum hugleiðingum um skipulag og húsvernd.

Fundurinn var í beinu streymi frá Iðnó en nálgast má upptökuna hér: [Ársfundur 2025](#).

Eftirfandi erindi voru flutt:

- *Opnunarerindi* - Dr. Rúnar Leifsson, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.
- *Ávarp og minjaverndarviðurkenning Minjastofnunar 2025* - Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.
- *Ávarp* – Pétur H. Ármannsson sviðsstjóri húsverndar-, umhverfis- og skipulagssviðs Minjastofnunar Íslands.
- *Húsverndarárið 1975 & Amsterdam yfirlýsingin* - Alma Sigurðardóttir formaður Íslandsdeildar ICOMOS og Guðný Gerður Gunnarsdóttir fyrrum minjavörður Reykjavíkur.
- *Sýslað um hús í hálfa öld* - Hjörleifur Stefánsson, arkitekt.
- *Áfangar og áskoranir í húsvernd* - María Gísladóttir, arkitekt hjá Minjastofnun Íslands.
- *Hugleiðing um húsvernd* - Anna María Bogadóttir, arkitekt.
- *Staðarímynd og staðargæði í umbreytingum* - Vignir Freyr Helgason, arkitekt hjá Riksantikvaren í Noregi.
- *Jarðtenging; Hugleiðing um skipulag og hús* - Borghildur Sölvey Sturludóttir, arkitekt á Skipulagsstofnun.

- *Viðey; fortíð til framtíðar* - Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns.
- *Vinnustofa um húsvernd* - Nemar í BA-námi í arkitektúr við LHÍ.
- *Exploring the 20th C Heritage through The Twentieth Century Historic Thematic Framework* - Grethe Pontoppidan, arkitekt.




Mynd 8. Frá málþinginu „Framtíð fyrir fortíðina“.

Minningarreitur Laugarnesspítala hreinsaður

Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis hélt þrjá fundi á árinu og lauk starfi ráðsins með átaksverkefni á vettvangi í Laugarnesi í júní. Þá var minningarreitur Laugarnesspítala hreinsaður með hjálp frá félögum Oddfellow. Nýskipað minjaráð tók svo við í september og mun starfa næstu fjögur árin. Lesa má nánar um fulltrúa minjaráðsins ásamt dagskrá minjaráðsfunda í fundargerðum sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands [hér](#).

Umfjöllun um byggingararf í Víðsjá á Rás 1

Henny Hafsteinsdóttir minjavörður Reykjavíkur og nágrennis fjallaði um byggingararf á höfuðborgarsvæðinu í þættinum Víðsjá á Rás 1. Þar tók hún fyrir sex byggingar og mannvirki sem eiga það sameiginlegt að falla utan laga um menningarminjar ásamt því að vera staðsett á þróunarreitum og gætu því átt á hættu að hverfa úr borgarlandslaginu. Mannvirkin sem fjallað var um eru meðal annars grjótmulningshúsin á Ártúnshöfða, bensínstöð við Ægisíðu 102 og iðnaðar- og skrifstofuhúsnaði við Dugguvog 42. Útvarpsþættina og nánari umfjöllun um mannvirkin má finna [hér](#).



Mynd 1. Svipmyndir frá grjótmulningshúsunum á Ártúnshöfða sem fjallað var um í útvarpsþættinum Víðsjá á Rás 1.

Stöng í Þjórsárdal – HönnunarMars

Sýningin STÖNGIN INN í Hegningarhúsinu var haldin dagana 3. - 6. apríl í tilefni af HönnunarMars 2025. Þar gafst gestum tækifæri til að sjá umbreytingar Stangarbæjarins og mikilvægi hans sem menningar- og fornminjastaðar í nútímasamhengi, þar sem fornleifafræði og arkitektúr haldast hönd í hönd.

Upphaflega verðlaunatillagan frá SP(R)INT STUDIO lagði áherslu á nýbyggingu, en þróun verkefnisins færði fókussinn að endurnýtingu byggingar og endurtúlkun rýmis í takt við nýjustu strauma í sjálfbærum arkitektúr. Ný yfirbygging á Stöng markar því ákveðin þáttaskil í opinberum byggingum hér á landi og vísar veginn til nýrra tíma aukinnar umhverfisvitundar þar sem fortíðinni er sýnd virðing og sagan nýtt sem efniviður í nýjar og frumlegar lausnir.

SP(R)INT STUDIO og Minjastofnun Íslands stóðu fyrir sýningunni. Í sýningarstjórn voru Karl Kvaran, arkitekt hjá SP(R)INT STUDIO, Pétur H. Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands, Dr. Rúnar Leifsson, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands og Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands hjá Minjastofnun Íslands.

Aðsókn að sýningunni var framar vonum en fullt var út úr dyrum þá daga sem sýningin stóð yfir. Þema sýningarinnar, endurnýting og endurfæðing, féll vel að dagskrá Menningarminjadaga Evrópu þar sem 50 ára afmæli Evrópska húsverndarársins var fagnað auk 50 ára afmæli Húsafriðunarsjóðs. Nánari upplýsingar um sýninguna má finna [hér](#).



Mynd 2-11. Ný yfirbygging á Stöng í Þjórsárdal eftir SP(R)INT STUDIO.

Gamla kirkjan á Djúpavogi

Gamla kirkjan á Djúpavogi var reist árið 1894 og er friðlýst bygging í eigu sveitarfélagsins Múlapings. Frá því að ný kirkja tók við af henni árið 1996 hefur gamla kirkjan verið afhelguð og ekki fengið verðugt hlutverk. Unnið hefur verið að því síðustu ár að endurgera kirkjuna, m.a. með styrkjum frá Húsafriðunarsjóði, og er frágangi hennar að mestu lokið að utan.

Umræða skapaðist árið 2024 um mögulega sölu á kirkjunni og í kjölfarið brugðust íbúar gamla Djúpavogshrepps við en það var ekki þeirra vilji að kirkjan yrði seld, heldur yrði áfram í eigu sveitarfélagsins eða samfélagsins. Hollvinasamtök kirkjunnar voru endurvakin og leiddu þau samtal um framtíð kirkjunnar við sveitarfélagið. Fengu þau leyfi til að skipuleggja vinnuhelgar þannig að samfélagið gæti lagt sitt af mörkum til að koma af stað þeim endurbótum sem nauðsynlegar voru innandyra undir leiðsögn reyndra húsasmiða. Sumarið 2025 var svo undirrituð viljayfirlýsing á milli sveitarfélagsins og Hollvina-samtakanna þess efnis að þau myndu taka við nýtingu og umsjón kirkjunnar.

Fjöldi bæjarbúa hefur mætt á vinnuhelgar sem Hollvinasamtökin hafa haldið utan um og hefur það sýnt samhug samfélagsins í því að koma kirkjunni í stand, hvort sem það var að aðstoða við að einangra, útbúa veitingar eða koma með góða skapið. Hvert endanlegt hlutverk kirkjunnar verður liggur ekki fyrir en ýmsar hugmyndir hafa verið viðraðar, t.d. rými fyrir fundarhald, námskeið eða viðburði. Þetta framtak íbúa sýnir fram á áhrifamátt samfélagsins þegar það kemur saman en núna er ekki aðeins að komast líf í kirkjuna aftur heldur eiga margir bæjarbúar eitthvað í henni með því að hafa lagt verkefninu lið og dýpkar það þar með tengsl þeirra við hana.



Mynd 12. Gamla kirkjan á Djúpavogi. Mynd: Þuríður Elísa Harðardóttir.

Stóri-Dunhagi II í Hörgársveit

Sumarið 2024 var haft samband við minjavörð Norðurlands eystra vegna mannabeina sem fundust í malarnámu í landi Stóra Dunhaga II í Hörgársveit. Starfsmenn Minjastofnunar fóru á staðinn og staðfestu að um mannabein væri að ræða. Í júlí 2025 fóru þrír starfsmenn Minjastofnunar á svæðið til að bjarga þeim mannabeinum sem eftir voru. Einnig var markmið vettvangsrannsóknar að meta umfang og gerð grafreitsins sem var með öllu óþekktur. Í ljós komu amk 5 grafir sem snéru bæði N-S og A-V átt.



Mynd 13. Gröf 1 eins og hún leit út í sniði áður en uppgröftur hófst.



Mynd 14: Horft yfir uppgraftarsvæðið, gröf 1 lengst til vinstri og gröf 2 til hægri.

Gröf 1 var að fullu grafin (eða það sem eftir var af henni) enda talin í mestri hættu og sneri hún í NNV-SSA. Í henni voru mannabein af fullvaxta karlmanni og virðist hafa verið lögð steinsetning þétt umhverfis hann, með stærri steinum við höfuðið. Undir höfði og mjöðmum voru tilhoggnir flatir steinar en grafarfyllingin var samansett að mestu af fjörusteinum sem sóttir hafa verið spölkorn frá.



Mynd 15. Gröf 1.

Mynd 16. Beltissylgja úr járn sem fannst í gröf.

Aðeins fundust tveir gripir í gröfinni, beltissylgja úr járn fannst í mjaðmagrind og óþekktur járngripur áfastur viði.

Gröf 2 lá samsíða gröf 1 en var mikið röskuð og engin mannabein varðveittust. Í henni var einnig að finna aðflutt grjót, samskonar og í gröf 1. Hún lá einnig í NNV-SSA átt. Gröf 3 liggur hins vegar þvert á þær báðar, hún var ekki opnuð að fullu en staðfest var að í henni eru mannabein. Yfir öllum gröfunum er hvít gjóska, H~1104, hafa þær verið grafnar eftir að landnámslagið féll. Grafir 3-5 voru ekki taldar í mikilli hættu og bíða því frekari rannsókna en ekki er hægt að útiloka að á svæðinu séu jafnvel fleiri grafir, og telst það frekar líklegra en hitt. Það er því ljóst að um fornan grafreit er að ræða sem var í notkun ca. 900-1100 og má teljast nokkuð sérstakur.

Samstarfsverkefni Minjastofnunar Íslands og Snæfellsjökulspjóðgarðs

Minjavörður Vesturlands er fulltrúi Minjastofnunar Íslands í þjóðgarðsráði Snæfellsjökulspjóðgarðs. Hlutverk þjóðgarðsráðs er að fjalla um framkvæmdaráætlun og áherslur fyrir þjóðgarðinn, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar og stefnumarkandi mál er varða þjóðgarðinn.

Farið er af stað samstarfsverkefni milli Minjastofnunar Íslands og Snæfellsjökulspjóðgarðs að koma upp „minjagarði“ á Öndverðarnesi, þ.e. upphefja minjar á staðnum og segja sögu staðarins. Í samstarfi við minjavörð Vesturlands verða minjar merktar, lagfærðar og gert hátt undir höfði og svæðið skipulagt. Öndverðarnes er vestasti tangi Snæfellsness en þar var á árum áður mikil útgerð, hún hefur verið í eyði frá árinu 1945. Þar er mikið um minjar, þar á meðal margar þurrabúðir, bæjarstæði, vör og þurrrgarður. Á staðnum eru tvær friðlýstar minjar, dómhringur og haglega hlaðinn, djúpur og að nokkru yfirbyggður brunnur sem ganga má niður í eftir nokkrum steinþrepum. Brunnurinn, sem nefndur er Fálki var áður eina vatnsból Öndverðarness og er talinn ævafor. Sagan segir að sú var trú manna, að í Fálka væri að finna þrjár ólíkar lindir. Ein með fersku vatni, önnur bar með sér einkenni ölkeldu og sú þriðja keim af salti.



Mynd 17. Minjaverðir Vesturlands og Suðurlands ráða ráðum ásamt Jóni Björnssyni, fyrrverandi þjóðgarðsverði, við Völundarhúsið við Dritvík.

Verndun og friðlýsingar

Friðlýsing Hólavallagarðs

Jóhannes Páll Jóhannsson, Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra staðfesti tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsingu Hólavallagarðs við Suðurgötu í Reykjavík. Hólavallagarður endurspeglar á einstakan hátt skipulagssögu og uppbyggingu kirkjugarða á 19. og 20. öld. Byrjað var að grafa í Hólavallagarði árið 1838. Garðurinn tók við af Víkurgarði og skipulag hans tók mið af skipulagi gamla kirkjugarðsins. Með tímanum varð að stækka garðinn og breyttist þá skipulag grafa og götur voru myndaðar milli grafaraða. Um það bil sem kirkjugarðurinn var fullnýttur var kominn nútímabragur á nýrri hluta hans meðan eldri hlutinn hefur verið látinn óhreyfður, ekki hafa verið skipulagðir stígar til að koma fyrir bekkjum o.fl. eins og oft má sjá í eldri kirkjugörðum annars staðar á Norðurlöndunum. Þessa sérstöðu Hólavallagarðs má vel greina á loftmyndum og þegar gengið er um garðinn kalla þær á hugrenningatengsl við skipulag 19. aldar borga í Evrópu frá þeim tíma þegar þær stækkuðu út fyrir borgarmúrana með nýju skipulagi gatna og lóða. Önnur megin rök fyrir því að friðlýsa garðinn eru þau að í honum hefur varðveist eitt merkasta og heillegasta safn af minningarmörkum á Íslandi sem hafa mikið gildi fyrir listasögu, táknfræði og stílgerð. Þau gefa einnig gott yfirlit um þróun stílbrigða, handbragðs og efnisnotkunar frá 1838 til dagsins í dag. Í garðinum eru einstök minningarmörk, lágmyndir eftir þekkta listamenn, járnkrossar og girðingar sem eru mikilvæg sem fágæt sýnishorn handverks í evrópsku samhengi. Á Íslandi eru varðveitt hlutfallslega fleiri minningarmörk úr járn en erlendis, þar sem mörg þeirra hafa farið forgörðum af ýmsum ástæðum. Einnig má ætla að í garðinum sé að finna áhugaverðar upplýsingar um mismunandi gerðir og blöndun steinsteypu í gegnum árin, en það hefur enn ekki verið rannsakað. Í garðinum er auk þess að finna fjölbreyttan gróður. Í eldri hluta garðsins eru trjátegundir sem

eiga rætur sínar í garðyrkjutilraunum frá árunum milli stríða. Í öðrum hluta má sjá einkennandi gróður eftirstríðsáranna. Auk þess er þar fjölbreytilegur blómgróður sem á rætur að rekja til heimilisgarða á síðustu öld. Að minnsta kosti fjórar mosategundir sem fundist hafa í garðinum eru á Evrópuváklista yfir plöntur í útrýmingarhættu. Eins eru þar nokkrar tegundir sveppa sem hvergi hafa fundist annars staðar á Íslandi. Vafalaust má segja að Hólavallagarður sé meðal fjölbreytilegustu skráðgarða Reykjavíkur.



Mynd 18. Frá friðlýsingu Hólavallagarðs. T.v. Rúnar Leifsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Jóhann Páll Jóhannsson, Ingvar Stefánsson og Heimir Björn Janusarson.

Verndarsvæði í byggð

Plássið í miðbæ Vopnafjarðarkauptúns

Sumarið 2016 sótti Vopnafjarðarhreppur um styrk úr húsafriðunarsjóði Minjastofnunar vegna fyrirhugaðrar vinnu við tillögu að verndarsvæði í byggð. Í kjölfarið unnu ráðgjafar Vopnafjarðarhrepps, arkitektastofan Yrki arkitektar og fornleifafræðingarnir Margrét Hallmundsdóttir og Rúna Þráinsdóttir skýrslur um húsakönnun og skráningu fornminja á hafnar- og miðsvæði plássins, en þær skýrslur eru tvær megin forsendur fyrstu tillögu að verndarsvæði í byggð í Vopnafirði.

Vinna við tillöguna hófst svo í lok árs 2018, en markmiðið er að vernda og styrkja byggðina og umhverfið innan verndarsvæðisins.


Plássið í miðbæ Vopnafjarðarkauptúns nær um um elsta hluta byggðar bæjarins og felst sérstaða þess í menningarsögulegum arfi gamalla húsa og fjölda fornminja sem tengjast sögu atvinnulífs, verslunar, sjósóknar og þróun þéttbýlis.

Innan verndarsvæðisins er að finna þyrpingu 16 ólíkra húsa frá ýmsum tímabilum. Þá er byggingarlína húsa við Kolbeinsgötu, elstu götuna í kaupúnninu, samfelld og hefur varðveist til dagsins í dag. Fjögur af elstu húsum verndarsvæðisins – Vopnafjarðarkirkja sem byggð var á árunum 1902-1903, Framtíðin (byggt um 1898), Kaupvangur (1884) og Guðjohnsenshús (1880) - hafa verið endurgerð.

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, staðfesti *Plássið í miðbæ Vopnafjarðarkauptúns* sem verndarsvæði í byggð að fenginni tillögu Vopnafjarðarhrepps og er verndarsvæðið um 3,7 hektarar að stærð.



Mynd 19. Afmörkun verndarsvæðis. Mynd úr tillögu að verndarsvæði.



Mynd 20. Kennileiti innan svæðisins. Mynd úr tillögu að verndarsvæði.

Ráðgefandi nefndir og minjaráð

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda; *fornminjanefndar* og *húsafriðunarnefndar*, og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi *minjaráð* á hverju minjasvæði, mönnuð hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Lista yfir minjaráðsfulltrúa á hverju minjasvæði ásamt fundargerðum má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar Íslands](#).

Fornminjanefnd:

- **Guðmundur Hálfðánarson**, formaður, skipaður án tilnefningar
- **Hrönn Konráðsdóttir**, varaformaður, tilnefnd af Félagi fornleifafræðinga
- **Sigríður Þorgeirsdóttir**, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða
- **Gauti Kjartan Gíslason**, tilnefndur af Rannís
- **Hjálmar Sveinsson**, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Húsafriðunarnefnd:

- **Hanna Rósa Sveinsdóttir**, formaður, skipaður án tilnefningar
- **Margrét Harðardóttir**, varaformaður, skipaður án tilnefningar
- **Sigbjörn Kjartansson**, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands
- **Anna Sigríður Guðnadóttir**, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- **Alma Sigurðardóttir**, tilnefnd sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS

Varamenn fornminjanefndar:

- Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, skipaður án tilnefningar
- Sigrún Hannesdóttir, tilnefnd af Félagi fornleifafræðinga
- Sandra Sif Einarsdóttir, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða
- Gróa María Svandís Sigvaldadóttir, tilnefnd af Rannís
- Nanný Arna Guðmundsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Varamenn húsafriðunarnefndar:

- Nikulás Már Úlfarsson, skipaður án tilnefningar
- Gunnþóra Guðmundsdóttir, tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands
- Ragnar Sigurðsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Björn Pétursson, tilnefndur sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS

Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Hér á eftir eru upplýsingar um nokkur þeirra.

Innlent samstarf

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns og Iðunnar fræðsluseturs. Veitt er ókeypis ráðgjöf í tengslum við viðgerðir og viðhald eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns þar fyrir svörum.

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í eftirfarandi ráðum og nefndum:

- Kirkjugarðaráð
- Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls
- Breiðafjarðarnefnd
- Samráðsnefnd um menningarsamninga UNESCO

Aðrir samstarfshópar/nefndir:

- Rammaáætlun - vernd og orkunýting landsvæða
- Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM)
- Fagráð náttúruminjaskrár
- Íslandsdeild ICOMOS
- Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi
- Samráðsnefnd um Þjórsárdal
- Samráðsnefnd um Bessastaði

Á árinu settist fulltrúi Minjastofnunar Íslands í stjórn Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) en miðstöðin er samstarf 15 stofnana um uppbyggingu stafrænna innviða til rannsókna í hugvísindum og listum.

Alþjóðlegt samstarf

NHHF (Nordic Heritage Heads Forum)

EHHF (European Heritage Heads Forum)

EHLF (European Heritage Legal Forum)

EAC (Europae Archaeologiae Consilium)

NBM (Nordic Working Group on Biodiversity)

EHD (European Heritage Days)

BRHC (Baltic Region Heritage Committee)

Hægt er að lesa nánar um samstarfsverkefni Minjastofnunar Íslands [hér](#).

Menningarminjadagar Evrópu

Þema Menningarminjadaga Evrópu árið 2025 var **Byggingararfurinn – í fortíð og framtíð** (*Architectural Heritage: Windows to the Past, Doors to the Future*) og er samofið Evrópska húsverndarárinu 1975. Haldnir voru viðburðir af ýmsu tagi víðsvegar á landinu. Alls tóku 15 skipuleggjendur þátt ásamt Minjastofnun Íslands og voru samanlagt haldnir 23 viðburðir er dreifðust yfir árið en flestir þeirra fóru fram í september og október. Leiðsagnir sérfræðinga utandyra voru afar vinsælar en einnig var góð aðsókn á málþingið *Framtíð fyrir fortíðina sem* Minjastofnun og Íslandsdeild Icomos stóðu fyrir. Minjaráð Austurlands og Minjastofnun héldu einnig málþingið *Húsvernd í fortíð og framtíð* þar sem fjallað var um húsvernd á Austurlandi. Viðburðurinn var haldinn í Miklagarði á Vopnafirði, upptöku má nálgast [hér](#).

Fjöldi gesta á viðburðina þetta árið voru um 3000 manns en ríflega helmingur mætti á sýningu Sprintstudio arkitekta og Minjastofnunar sem bar heitið *Stöngin inn* í Hegningarhúsinu í Reykjavík og var einnig hluti af Hönnunarmars 2025.

Á alþjóðasíðu EHD má finna lista yfir viðburði ársins á Íslandi, hér: [European Heritage Days](#)

Minjastofnun Íslands sendir innilegar þakkir til skipuleggjenda, sérfræðinga, leiðsögufólks og allra þeirra sem lögðu hönd á plóg í viðburðahaldi Menningarminjadagana árið 2025.



Mynd 21. Haustlitaganga á Þingvöllum Ljósmynd: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.



Mynd 22. Hundrað ára afmæli rafstöðvanna í Skaftafelli. Ljósmynd: Náttúruverndarstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður.

Baltic Region Heritage Committee

Minjastofnun Íslands varð aðili að BRHC á haustmánuðum 2025 og tók Þór Ingólfsson Hjaltalín, sviðstjóri minjavarðasviðs þegar sæti í þriggja manna stjórn nefndarinnar. Stjórnin er þannig skipuð að það ríki sem fer með formennsku í Eystrasaltsráðinu skipar stjórnarformann BRHC. Þór tók því við stjórnarformennsku BRHC 1. júlí 2026. Meðstjórnendur eru fráfaramandi stjórnarformaður (fulltrúi Póllands) og fulltrúi þess ríkis sem mun taka við á næsta ári (fulltrúi Svíþjóðar).

BRHC hefur undanfarin ár verið öflugur samstarfsvettvangur þessara ríkja á sviði minjavörslu og um þessar mundir eru sex vinnuhópar starfandi undir merkjum þessarar menningararfsnefndar. Fulltrúar Minjastofnunar sitja nú í fjórum þeirra og væntum við mikils af því starfi, en það eru: Magnús A. Sigurðsson minjavörður Vesturlands sem tók sæti í vinnuhópi um neðarsjávarminjar (Underwater Cultural Heritage), Henny Hafsteinsdóttir minjavörður Reykjavíkur og nágr. í hópi um 20. aldar byggingar og mannvirki (20th Century Built Heritage), Guðmundur St. Sigurðarson minjavörður Norðurlands vestra í hópi um loftslagsbreytingar (Cultural Heritage and Climate Change) og Agnes Stefánsdóttir sviðstjóri rannsókna og miðlunar í hópi um ólöglegan flutning og sölu menningarverðmæta (Illicit Trafficking in Cultural Goods). Auk þessa eru tveir aðrir starfandi vinnuhópar, annar um strandminjar (Coastal Culture and Maritime Heritage) og hinn um fornar leiðir, ekki síst hugsað í tengslum við þróun ferðamennsku (Cultural Routes).



Mynd 22. Frá heimasíðu Baltic Region Heritage Committee.

Leyfisveitingar

Fornleifarannsóknir


Árið 2025 voru veitt leyfi til 55 fornleifarannsókna. Vísindarannsóknir voru 23 en þar af voru þrjár björgunarrannsóknir. Vegna framkvæmdarannsókna voru gefin 32 leyfi, þar af 15 framkvæmdaeftirlit en hætt var við eina framkvæmdarannsókn og eitt eftirlit. Rannsóknir á árinu voru því samtals 53.

Ár	Veitt leyfi	Þar af vísindarannsóknir
2017	59	34
2018	63	34
2019	52	22
2020	44	15
2021	60	17
2022	55	24
2023	56	30
2024	50	20
2025	55	23


Inn- og útflutningur menningarminja

Árið 2025 bárust alls 23 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarverðmæta. Tvö leyfi voru veitt til tímabundins útflutnings gripa og sýna úr fornleifauppgröftum til rannsókna erlendis, 2 leyfi voru veitt til endanlegs útflutnings menningarverðmæta og 18 leyfi til útflutnings sýna til eyðandi greiningar. Ein tilkynning barst vegna útflutnings listaverks til sýningar erlendis.

Hlutfall rannsókna eftir minjasvæðum



Leyfi til útflutnings menningarminja



Skráning menningarminja

Hús og mannvirki

Á árinu tók Minjastofnun Íslands við fimm húsakönnunum, þar af voru þrjár unnar í tengslum við skipulagsvinnu, ein í tengslum við framkvæmdir og ein í tengslum við gerð verndarsvæðis í byggð. Var staðan sú við árslok að öllum skýrslum hafði verið skilað og voru fjórar þeirra orðnar aðgengilegar í Minjavefsjóni sem og á sérstakri vefsíðu.

Fornleifar


Alls bárust Minjastofnun 132 fornleifaskráningarskýrslur ásamt tilheyrandi gögnum úr 129 skráningarverkefnum.

Áfram var unnið að því að setja skráningargögn úr fornleifaskráningum í landfræðilegan gagnagrunn stofnunarinnar en hann innihélt undir lok árs upplýsingar um rúmlega 30 þúsund fornleifar. Hið sama má segja um þær skýrslur sem bárust stofnuninni á árinu en unnið er að því jafnt og þétt að gera þær aðgengilegar í gegnum vefsíðu stofnunarinnar. Var staðan sú við árslok að 98% fornleifaskráningarskýrslna, sem til eru á rafrænu formi í fótum Minjastofnunar, voru orðnar aðgengilegar í Minjavefsjóni sem og á sérstakri vefsíðu.

Starfsfólk skráningarteymis hefur frá árinu 2023, í samráði við starfandi fornleifafræðinga, unnið að uppfærslu á stöðlum og leiðbeiningum vegna fornleifaskráningar og lauk vinnu við það á vormánuðum 2025. Staðlar og leiðbeiningar höfðu verið í gildi frá árinu 2013 og var komin þörf á uppfærslu á þeim auk þess sem uppfærsla á landfræðilegum gagnagrunni stofnunarinnar kallaði á uppfærslu staðlanna. Samhliða vinnu við uppfærslu á stöðlum var verklagi hjá starfsfólki skráningarteymis breytt með það að markmiði að koma

skýrslum og uppmælingum sem skilað er inn í tengslum við skráningarverkefni fyrir á vef og vefsíða.


Hlutfall skráninga eftir minjasvæðum og tilefni:





Málafjöldi og viðfangsefni

Árið 2025 voru 2048 mál skráð í GoPro.net, málaskráningarkerfi stofnunarinnar. Það er 70 máli fleira en árið 2024. Tekið skal fram að fjöldi mála gefur einungis ákveðna innsýn í starfsemi


stofnunarinnar. Mörg verkefni ná yfir fleiri en eitt ár auk þess sem hluti starfseminnar, sem snýr t.a.m. að útgáfu og miðlun, ráðgjöf og leiðbeiningum, ratar ekki inn í málaskráningarkerfið.










Umsagnarskyld mál eftir minjasvæðum



Almenn afgangslumál







Styrkúthlutanir

Fornminjasjóður 2025

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	% styrkt	Fornleifa-uppgröftur (og úrvinnsla)	Fornleifa-skráning	Rannsóknir á forngripum	Miðlun	Varðveisla og viðhald	SAMTALS
Reykjavík og nágrenni	4	3	75%	2				1	10,960,000
Reykjanes	6	3	50%	2		1			8,990,000
Vesturland	4	2	50%	2					8,770,000
Vestfirðir	12	1	8%	1					4,800,000
Norðurland vestra	4	1	25%	1					7,000,000
Norðurland eystra	8	4	50%	1	1			2	10,520,000
Austurland	8	2	25%	1	1				8,870,000
Suðurland	10	4	40%	3	1				24,730,000
Allt landið/fleiri en eitt minjasvæði/óstaðbundið	11	3	27%		1		2		7,900,000
Samtals	67	23		13	4	1	2	3	92,540,000
Fornleifauppgröftur/úrvinnsla	33	13	39%						
Fornleifaskráning	15	4	27%						
Miðlun	5	1	20%						
Rannsóknir á forngripum	5	2	40%						
Varðveisla/viðhald menningarminja	9	3	33%						
Samtals	67	23							

Tafla 1. Úthlutanir úr fornminjasjóði 2025.

Fornminjasjóði bárust alls 67 umsóknir um styrk árið 2025, samtals að upphæð 290.408.643 kr. Styrkir voru veittir til 23 verkefna, samtals að upphæð 92.540.000 kr. Nánari upplýsingar um úthlutanir úr fornminjasjóð má finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [hér](#).

Húsafríðunarsjóður 2025

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Friðlýstar kirkjur	Friðlýst hús	Friðuð hús og mannvirki	Önnur hús og mannvirki	SAMTALS
Höfuðborgarsvæðið	57	42	11.000.000	26.300.000	32.100.000	2.800.000	72.200.000
Vesturland	23	17	14.700.000	5.900.000	5.500.000	0	26.100.000
Vestfirðir	29	24	6.900.000	0	15.400.000	3.700.000	26.000.000
Norðurland vestra	19	11	12.900.000	0	9.100.000	700.000	22.700.000
Norðurland eystra	33	21	15.800.000	6.400.000	14.200.000	3.000.000	39.400.000
Austurland	34	29	5.600.000	0	20.700.000	3.100.000	29.400.000
Suðurland	22	15	8.100.000	8.400.000	4.200.000	0	20.700.000
Suðurnes	7	6	300.000	4.000.000	2.200.000	1.000.000	7.500.000
Samtals	224	165	75.300.000	51.000.000	103.400.000	14.300.000	244.000.000
Byggða- og húsakannanir	2	2					4.000.000
Byggingarsögulegar rannsóknir	16	11					17.500.000
Verndarsvæði í byggð	0	0					0
Samtals	242	178					265.500.000

Tafla 2. Úthlutanir úr húsafríðunarsjóði 2025.

Minjastofnun Íslands bærust alls 242 umsóknir um styrki úr húsafríðunarsjóði vegna verkefna árið 2025, samtals að upphæð 1.243.927.679 kr. Styrkir voru veittir til 178 verkefna, samtals að upphæð 265.500.000 kr. Nánari upplýsingar um úthlutanir úr húsafríðunarsjóði má finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [hér](#).

Fjármál

Húsafríðunarsjóður, rekstrarreikningur

Tekjur

Tekjufærsla fjárveitinga	174.600.000
Framlög og ýmsar tekjur	<u>58.416.600</u>
Tekjur samtals	233.016.600

Gjöld

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	1.549.771
Framlög og tilfærslur	228.129.458
Annar rekstrarkostnaður	2.392.491
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	<u>0</u>
Gjöld samtals	232.071.720

Afkoma ársins 944.880

Eigið fé

Höfuðstóll í upphafi árs	2.803.965
Afkoma ársins	<u>944.880</u>
Höfuðstóll í árslok	3.748.845

Ónýtt fjárveiting til fjárfestinga 212.000.000

Tafla 3. Rekstrarreikningur húsafríðunarsjóðs fyrir árið 2025.

Fornminjasjóður, rekstrarreikningur

Tekjur

Tekjufærsla fjárveitinga	146.700.000
Framlög og ýmsar tekjur	<u>0</u>
Tekjur samtals	146.700.000

Gjöld

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3.551.336
Framlög og tilfærslur	90.300.000
Annar rekstrarkostnaður	<u>133.484</u>
Gjöld samtals	93.984.820

Afkoma ársins 52.715.180

Eigið fé

Höfuðstóll í upphafi árs	3.910.511
Afkoma ársins	<u>52.715.180</u>
Höfuðstóll í árslok	56.625.691

Tafla 4. Rekstrarreikningur fornminjasjóðs fyrir árið 2025.

Minjastofnun Íslands, rekstrarreikningur

Tekjur

Tekjufærsla fjárveitinga	146.700.000
Framlög og ýmsar tekjur	<u>0</u>
Tekjur samtals	146.700.000

Gjöld

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3.551.336
Framlög og tilfærslur	90.300.000
Annar rekstrarkostnaður	<u>133.484</u>
Gjöld samtals	93.984.820

Afkoma ársins 52.715.180

Eigið fé

Höfuðstóll í upphafi árs	3.910.511
Afkoma ársins	<u>52.715.180</u>
Höfuðstóll í árslok	56.625.691

Tafla 5. Rekstrarreikningur Minjastofnunar Íslands fyrir árið 2025.

Ársskýrsla 2025



Minjastofnun
Íslands